

Háskóli Íslands
Hugvísindasvið
Íslenska sem annað mál

Af menningu getur stafað hætta
*Hvað er það í norrænni goðafræði sem heillar nasista og önnur
öfgasamtök?*

Ritgerð til BA-prófs í íslensku sem öðru máli

Olga Lúsía Pálsdóttir

Kt.: 130462-2199

Leiðbeinandi: Jón Yngvi Jóhannsson

Júní 2017

Ágrip

Tilgangur þessarar ritgerðar er að varpa ljósi á hvernig norræn goðafræði hefur verið notuð í áróðursskyni til réttlætningar á nasisma og kynþáttahatri. Einnig verður skoðað hvernig rasismi blandast við gerð afþreyingarefnis sem tengist norrænni goðafræði. Á veraldarvefnum má finna margar erlendar heimasíður sem hafa tengingar við ásatrú en sumar síðurnar predika nýnasisma. Norrænar sögur og fornkvæði eru þar tekin úr samhengi, þýdd og endurrituð á þann hátt sem hentar hverju sinni. Undirrót nasismans er að finna í þjóðernishyggju sem spratt upp í Evrópu á nítjándu og tuttugustu öld. Norður-Evrópuþjóðirnar notuðu menningararf sinn til að upphefja þjóð sína en mestu snillingar í menningarlegum áróðri sem studdust við norræna goðafræði voru Þjóðverjar. Það veldur ákveðnum vangaveltum hvers vegna einn af upphafsmönnum nasismans í Þýskalandi, Guido von List, heillaðist svo mikið af norrænni goðafræði að hann sneri sér frá kristinni trú og norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik, sem framdi ódædisverk í Útey, kom með yfirlýsingu þess efnis að hann væri ekki kristinn heldur aðhylltist ásatrú. Kenningar List þróuðust yfir í nasistastefnu Þriðja ríkisins sem endaði með seinni heimsstyrjöldinni en Breivik hefur eignast fjölda aðdáenda víða um heiminn og einn angi af því er stofnun öfgasamtakanna Hermanna Óðins sem kenna sig við ásatrú. Í ritgerðinni verður leitað svara við spurningunni hvers vegna norræna goðafræðin er svo eftirsóknarverð hjá ákveðnum öfgahópum eins og nýnasistum og rasistum. Íslendingar vilja gjarnan kenna sig við víkinga þó svo að einungis hluti af þeim hafi lagst í víking. Víkingarnir höfðu þó á sér frekar slæmt orðspor vegna hegðunar sinnar þar sem þeir fóru víða um og rændu, myrtu og hnepptu fólk í þrældóm. Fyrstu landnemarnir á Íslandi voru meðal annars ásatrúarmenn og íslenskar fornsögur fjalla mikið um bardaga og hefndir. Líklegast er að áhugi öfgasamtakanna á fornum norrænum ritum tengist hetjudáðum og aðdáun á goðunum, sérstaklega bardagaafrekum þeirra auk þess sem ásatrúin var aðallega iðkuð af mönnum af hvítum norrænum kynstofni.

Formáli

Sem nemandi í íslensku sem öðru máli kynntist ég norrænni goðafræði og heillaðist það mikið af henni að ég fór að leita mér að frekara lesefni. Þegar ég skoðaði heimildir um forníslenskar sögur á veraldarvefnum kom mér á óvart hversu margar erlendar heimasíður höfðu tengingar við ásatrú og norræna goðafræði en sumar af þessum síðum predika nýnasisma. Íslensku fornkvæðin eru þar tekin úr samhengi og notuð í áróðursskyni. Einnig sækja öfgahópar sem tengja sig við nýnasisma í tákni og rúnir úr norrænni goðafræði, aðlaga að sinni stefnu og skreyta sig gjarnan með í formi húðflúra og annarra merkinga.

Efnisyfirlit

1. Inngangur	4
2. Þjóðernishyggja.....	7
2.1. Upphaf þjóðernishyggju í Evrópu	7
2.2. Þjóðernishyggjan á Íslandi	7
2.3. Kenningar um þjóðernishyggju	9
2.4. Joep Leerssen um tengsl menningar og þjóðernisstefnu	9
3. Þriðja ríkið og norræn goðafræði	11
3.1. Þjóðernishyggjan í Þýskalandi	11
3.2. Richard Wagner og Adolf Hitler	11
3.3. Dálæti nasista á norrænni goðafræði	12
4. Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik.....	14
5. Norræn goðafræði í teiknimyndum og kvikmyndum.....	15
5.1. Illmenni með dökka húð.....	15
5.2. Þeldökkur Heimdallur og mótmæli	17
6. Ný öfgasamtök á Norðurlöndum.....	19
6.1. Ásatrúarfélagið á Íslandi og nýnasismi	19
6.2. Hermenn Óðins.....	20
6.3. Flóttamaðurinn Óðinn	20
6.4. Norræna móttöðuhreyfingin	21
7. Auknir kynþáttafordómar á Íslandi	23
Lokaorð	24
Heimildaskrá	26

1. Inngangur

Nú á dögum er æ algengara að fólk lesi ekki frumtexta bókmennta heldur endurrítanir þeirra (Lefevere, 2013, bls. 26-27). Þessar endurrítanir geta talist til menningararfs þrátt fyrir að þær séu settar í nýtt samhengi sem hæfir hverjum tíma. Margar sögur úr *Snorra-Eddu* hafa til dæmis verið notaðar í endursagnir en hún er hluti af íslenskum fornritum og endurspeglar menningu Íslendinga og annarra Norðurlandabúa. Í hugum flestra Íslendinga tengist saga landsins landafundum, sögum og niðurlægingu af hendi erlendra ríkja. Þjóðarsjálfsmynd Íslendinga er mótuð í kringum fornritin og eru þau merkur menningararfur þjóðarinnar. Í *Snorra-Eddu* tók Snorri Sturluson saman sögur um goðsagnir og setti í eina heild. Hann var kristinn maður og líklegast aðlagði hann goðsagnaheimildirnar að kristinni fyrirmynd. Markmið Snorra með því að safna þessum sögum saman í eina heild var að vernda þær og búa til kennslubók um skáldskap sem byggður væri á norrænni goðafræði (Úlfhildur Dagsdóttir, 2014, bls. 63-67).

Almenningur kemst nú oftar í kynni við endurrítanir bókmennta heldur en upprunalega textann en endurrítanir mótast af hugmyndafræðilegum áhrifum. Hafa þarf í huga að þegar endurrítarar þýða fornsögur þá aðlaga þeir og hagræða verkinu að einhverju leyti þannig að frumverkið falli að hugmyndum samtímans (Lefevere, 2013, bls. 29-31). Heimildir um norræna goðafræði eru frekar gloppóttar og brotakenndar því ritöld á Norðurlöndum byrjaði mun seinna eða löngu eftir að heiðnum sið lauk á Íslandi. Mikið af heimildum voru því glataðar þegar hafist var handa við skráningu þeirra og ritheimildirnar eru því vandtúlkaðar (Jón Hnefill Aðalsteinsson, 1988, bls. 70-71). Það er nokkuð algengt að ýmsir öfgahópar tengi sig við norræna goðafræði sem þeir aðlaga að sinni stefnu, taki sögur og fornkvæði úr samhengi, þýði og endurríti á þann hátt sem hentar hverju sinni og noti þau í áróðursskyni. Einnig sækja öfgahópar sem tengja sig við nýnásisma í tákni og rúnir úr norrænni goðafræði og skreyta sig gjarnan með þeim í formi húðflúra og annarra merkinga. Líklegast er að áhugi öfgasamtakanna á fornum norrænum ritum og goðafræði tengist aðdáun á norrænu goðunum og sérstaklega bardagafimi þeirra. Til þess að fá gleggri mynd af því sem heillar öfgasamtökin í fornum íslenskum ritum er hér rétt að skoða helstu heimildir norrænnar goðafræði.

Völuspá er eitt frægasta goðakvæði eddukvæðanna og hana má finna í Konungsbók og Hauksbók (Simek, 1993, bls. 261). *Völuspá* er flutt af völvu sem er af jötnaættum. Hún flytur kvæði fyrir Óðin um örlög heimsins (Ólafur Briem, 1990, bls. 19-20). Óðinn er faðir annarra goða, æðstur ásanna og er nefndur Alfaðir. Hann er goð hernaðar, skáldskapar, visku, galdra og rúnastafa og býr í Ásgarði. Eitt af aðaleinkennum Óðins er að hann er eineygður (Simek, 1993, bls. 188-189). Norrænir menn trúðu því frá fornöld að konur eða völur hefðu sérstaka

forspárhæfileika. *Völuspá* fjallar um sköpun heimsins, upphaf manna, goða, jötna og dverga. Þá fjallar hún einnig um Ragnarök og endurnýjun með upprisu nýrra heima úr sæ. *Völuspá* er sett saman úr stökum skáldsýnum og myndmáli en margar vísur kvæðisins eru notaðar í *Snorra-Eddu* (Simek, 1993, bls. 261-263). *Snorra-Edda* er talin sett saman í kringum árið 1220 af Snorra Sturlusyni. Hún skiptist í *Prologus*, *Gylfaginningu*, *Skáldskaparmál* og *Háttatal*. Í *Prologus* má finna umfjöllun um sköpun heimsins og tilkomu goðanna, *Skáldskaparmál* fjalla um fróðleik fyrir ung skáld, í *Gylfaginningu* er norræna goðafræðin rakin en *Háttatal* er dæmasafn um bragarhætti (Simek, 1993, bls. 221).

Norræna goðafræðin er meðal þekktustu trúarbragða í fornöld í Norður-Evrópu en heimildirnar hafa að mestu leyti komið frá Íslandi. Ísland byggðist upp á níundu og tíundu öld aðallega af innflytjendum frá Noregi sem voru flestir ásatrúar en þeir komu með kvæði og sögur í farteskinu. Mjög fáir kunnu að skrifa og lesa en sögur og goðafræði bárust munnlega á milli manna. Einu heimildirnar sem til eru frá þessum tíma er að finna í Íslendingasögum og eddukvæðum sem voru fest á skinn þremur til fjórum öldum eftir landnám. Í *Snorra-Eddu* kemur fram að Snorri Sturluson hafi litið svo á að hin fornu goð hefðu í raun ekki verið meira en göfugir menn og konur úr fortíðinni og ekki er að sjá að hann hafi tilbeðið þau. Norræna goðafræðin samanstendur ekki einungis af hefðbundnum sögum úr daglegu lífi heldur er fjallað um valdabaráttu og grimmd. Með hliðsjón af því hvernig norrænum víkingum var lýst í fornöld, það er sem blóðþyrstum villimönnum, þá er erfitt að horfa til norrænnar menningar með jákvæðum augum (Cavendish, 1980, bls. 178-179). Ef til vill er það þess vegna sem norræn goðafræði var síðar endurrituð og notuð af öfgahópum.

Í ritgerðinni verður reynt að varpa ljósi á hvernig norræn goðafræði hefur verið notuð í áróðursskyni til réttlætningar á nasisma og kynþáttahatri. Hér á eftir verður leitað svara við spurningunni hvers vegna norræn goðafræði hefur svo oft verið notuð í tengslum við rasisma og nýnasisma og hvað það er sem gerir það að verkum að norræn goðafræði er svo eftirsóknarverð hjá ákveðnum öfgahópum.

Í upphafi verður litið á þróun þjóðernishyggju á nítjándu og tuttugustu öld og hvernig hún hefur breyst í gegnum tíðina en fjallað verður um helstu kenningar hennar og tengingar við menningu. Í kjölfar þess verður umfjöllun um tengsl norrænnar goðafræði við Þriðja ríkið og notkun hennar hjá norska fjöldamorðingjanum Anders Behring Breivik. Því næst verður fjallað um hvernig norræna goðafræðin hefur verið notuð við gerð teiknimynda á Íslandi og í kvikmyndum í Bandaríkjunum en áhersla verður lögð á skoðun á því hvernig rasismi blandast við afþreyingarefni af þessum toga. Að lokum verður fjallað um öfgasamtök nýnasista, sem tengja sig beinlínis við ásatrú og norræna goðafræði auk þess sem skoðaðar verða

athyglisverðar niðurstöður sem birtar voru í skýrslu nefndar á vegum Evrópuráðsins um kynþáttafordóma og mismunun á Íslandi.

2. Þjóðernishyggja

2.1. Upphaf þjóðernishyggju í Evrópu

Talið er að þjóðernishyggja hafi spröttið upp í Evrópu eftir Napóleonsstríðin. Stéttaskipting hjá Evrópuþjóðum einkenndist af aðalsmönnum og öreigum en lítið fór fyrir millistéttinni. Þjóðernishyggjan var fyrst og fremst menningarleg og drifkraftar hennar voru skáld og menntamenn sem hvöttu þjóðir til að berjast gegn erlendum áhrifum. Þjóðverjar reyndu að aðgreina sig frá Frökkum og Englendingum og bentu á andlega yfirburði sína, sögu og arfleifð fortíðarinnar (Sigríður Matthíasdóttir, 1995, bls. 41). Í byrjun nítjándu aldar spruttu upp í mörgum Evrópuríkjum miklar umræður um uppruna Evrópuþjóða, kynþætti og þjóðerni (O'Donoghue, 2007, bls. 129).

Franski rithöfundurinn Arthur de Gobineau (1816-1882) sem stundum hefur verið kallaður faðir evrópsks rasisma, greindi á milli fólks á grundvelli útlits. Hann skipti Evrópuþjóðum upp í tvo hópa, Norður-Evrópubúa og Miðjarðarhafsbúa. Samkvæmt skilgreiningu hans um kynstofna eru íbúar Norður-Evrópu æðri út frá menningu og líkamsbyggingu. Á sama tíma komu fram kenningar sem flokkuðu fólk eftir tungumálum með sama hætti og Arthur de Gobineau gerði en tungumál Norður-Evrópubúa voru öll sögð af germönskum stofni. Eitt helsta sameiginlega einkenni þjóðernishyggju var að Evrópuþjóðir leituðu í forna menningu sinnar þjóðar (O'Donoghue, 2007, bls. 130). Um sama leyti á nítjándu öld gerðist það einnig á Íslandi að norræna goðafræðin var dregin fram í sviðsljósið í þágu þjóðernishyggju.

2.2. Þjóðernishyggjan á Íslandi

Ekki ósvipað og hjá öðrum Evrópuþjóðum vaknaði þjóðernishyggjan á Íslandi. Á nítjándu öld hófst nýtt tímabil í listum og bókmenntum, hin svokallaða rómantíska stefna en hún byggði á þjóðlegum grundvelli þar sem horft var til sögu þjóðarinnar og fornþekkingar. Skáldin leituðu til fortíðar að innblæstri fyrir yrkisefni, fornritin voru dregin fram, þeim lyft á æðsta stall og með rómantísku stefnunni runnu upp nýir tímar á Íslandi (Jón J. Aðils, 1922, bls. 216-217). Íslensk skáld leituðu eins og önnur skáld Evrópu til fornaldar, þau fengu innblástur frá eddukvæðum en það má til dæmis sjá í yrkisefnum Jónasar Hallgrímssonar (1807-1845) (Gísli Sigurðsson, 1998, bls. 11). Kveðskapur Jónasar frá þeim tíma er hann dvaldi á Bessastöðum ber þess merki að hann vildi líkja eftir formi eddukvæðanna en áhugi Jónasar á eddukvæðum átti stóran þátt í fornaldarvakningu Fjölnismanna (Sveinn Yngvi Egilsson, 1996, bls. 288-289).

Árið 1835 var tímaritið *Fjölnir* stofnað af Jónasi Hallgrímssyni, Konráði Gíslasyni (1808-1891), Brynjólfi Péturssyni (1810-1851) og Tómasi Sæmundssyni (1807-1841). *Fjölnir*

er eitt af nöfnum norræna goðsins Óðins og merkir það hinn fjölvísi (Sveinn Yngvi Egilsson, 1996, bls. 262). Nafngiftin á tímaritinu kemur ekki á óvart þar sem Jónas og Konráð voru báðir mjög uppteknir af formi fornkvæða, bragarhátum, og öðrum fornum kveðskap. Þeir kynntust þeim í Bessastaðaskóla á Álftanesi en þar voru Jónas og Konráð samnemendur á sínum tíma (Sveinn Yngvi Egilsson, 1996, bls. 284). Íslenskir þjóðernissinnar með Jónas Hallgrímsson í fararbroddi höfðu mikið dálæti á landi sínu og sögu þess. Í fyrsta árgangi *Fjölnis* birti hann kvæðið *Ísland* (Jónas Hallgrímsson, 1989a, bls. 63) sem var nokkurs konar stefnuyfirlýsing blaðsins. Í fyrstu tóku ekki margir samtímamenn undir málflutning þann sem birtist í tímaritinu þó að síðar hafi hann átt sinn þátt í sjálfstæðisbaráttu Íslendinga (Guðmundur Hálfðanarson, 2007, bls. 193-194). Kvæðið *Ísland* er baráttukvæði með þann pólitíska boðskap Fjölnismanna að þjóðin endurheimti sjálfstæði sitt aftur. Skáldið lýsir í kvæðinu söguöldinni sem einu glæsilegasta tímabili íslensku þjóðarinnar með kraftmiklum fornum hetjum en lýsingar Jónasar á samtímanum eru frekar dapurlegar og að hans mati er þjóðin búin að missa allt sitt baráttuþrek sem var til staðar í fornöld (Jónas Hallgrímsson, 1989b, bls. 118-119). Ekki ósvipuð skoðun kemur fram hjá Jóni J. Aðils en hann heldur því fram að mesta framfaraskeið íslensku þjóðarinnar hafi verið á þjóðveldisöld þegar Íslendingar voru frjálsir menn og sjálfs síns herrar. Telur hann að hnignunartímabil þjóðarinnar hafi staðið frá því árið 1262 þegar landið afsalaði sjálfstæði sínu (Jón J. Aðils, 1922, bls. 242).

Fjölnismenn vildu endurvekja þjóðarstoltið og gamla íslenska menningu sem birtist í íslenskum fornbókmenntum (Páll Valsson, 1996, bls. 310). Hlutverk tímaritsins *Fjölnis* eins og fjórmeningarnir skilgreindu var að hvetja landsmenn til að efla þjóðarandann og stuðla að lestri á þjóðsögum, eddukvæðum og Íslendingasögum. Ef þjóðin vildi sjálfstæði þá yrði að efla þjóðerniskennd, þjóðaranda og ættjarðarást. Í fjórða árgangi tímaritsins sem út kom árið 1938 var birt kvæðið *Gunnarshólmi* (Jónas Hallgrímsson, 1989a, bls. 77-79) eftir Jónas Hallgrímsson en þar sótti skáldið einnig efnivið í fornbókmenntirnar. Jónas lagði áherslu á að yrkja kvæði um þá staði þar sem mikilvægir atburðir í sögu Íslands höfðu gerst (Sveinn Yngvi Egilsson, 1996, bls. 274-276). Boðskapur kvæðisins er ekki ósvipaður og í kvæðinu *Ísland* en fjallað er um glæsilega sögu landsins ásamt fallegri náttúru og Jónas bendir á að þjóðin þurfi að vakna, rísa upp úr dvala, horfa til framtíðar og taka sér hetjur fortíðarinnar til fyrirmyndar (Jónas Hallgrímsson, 1989b, bls. 131). Árið 1851 lýstu Íslendingar því yfir á þjóðfundi að þjóðin skyldi vera sjálfstæð en ástæður þessarar ákvörðunar voru fyrst og fremst menningarlegar. Þetta skýrist af því að Íslendingar höfðu gætt sinnar arfleifðar sem tengist menningu, sögu, fornum ritum og norrænni tungu mun betur en aðrar Norðurlandþjóðir (Sigríður Matthíasdóttir, 1995, bls. 49). Upphafsmáður kenninga um þjóðernishyggju var Þjóðverjinn Johann Gottfried Herder.

2.3. Kenningar um þjóðernishyggju

Þýski heimspekingurinn Johann Gottfried Herder (1744-1803) setti fram þá hugmynd að þjóð væri lífræn heild. Að hans mati voru tengsl einstaklings og þjóðarheildarinnar náttúrulegs eðlis. Samkvæmt kenningum hans skiptist saga þjóðarinnar í þrjá hluta, gullöld, niðurlægingartímabil og endurreisn. Á gullöldinni var þjóðin sjálfstæð og framtíðin björt en á niðurlægingartímabilinu var þjóðin gjarnan undir yfirráðum annarra og leiddi það til hnignunar. Endurreisnartímabilið einkenndist af vakningu þjóðarinnar og hreinsun af erlendum áhrifum (Sigríður Matthíasdóttir, 2004, bls. 24-27). Herder, með aðstoð samstarfsmanna sinna, safnaði saman upplýsingum um menningu og venjur mismunandi þjóða, allt frá fornum sögum til kökuuppskrifta, með það að markmiði að varðveita og setja í samhengi við sögu mannkynsins. Upphafsmáður mannfræðinnar, Franz Boas (1858-1942), hafði sem ungur maður lesið kenningar Herders og þróaði þær áfram en að hans mati mótaði menningin mannfólkið og gengi á milli ættliða en ekki trú og kynþáttur þeirra (Baumann, 1999, bls. 24-25).

Jón J. Aðils (1869-1920), alþingismaður og heiðursdoktor við Háskóla Íslands, tók einnig undir kenningar Herders um lífveruhugmyndir í eigin þjóðernishugmyndum. Jón benti á að íslenskt þjóðerni á söguöld hefði verið blöndun tveggja þjóðerna, keltnesks og norsks. Af öllum kimum keltneskrar menningar taldi hann Íra merkilegasta enda hefðu þeir verið mikil skáldaþjóð en menningu Norðmanna mætti þekkja af fornritum Íslendinga. Þessar tvær menningarþjóðir, Keltar og Norðmenn, hefðu blandast og úr orðið blanda af hugviti og snilli Keltanna og viljapreki og staðfestu Norðmanna. Samkvæmt Jóni J. Aðils fæddi þessi kynþáttablanda af sér forníslenskar bókmenntir og stjórnskipun. Hann nefndi einnig að einungis Íslendingar hefðu stundað skáldskap á söguöldinni og verið fremri öllum í því enda í blóð borið en á þessum tíma voru skrifaðar perlor íslenskra bókmennta eins og *Laxdæla*, *Egils saga*, *Eyrbyggja* og fleiri. Frá öllu þessu tímabili ættu Norðmenn ekki nema eitt rit, *Konungsskuggsjá*. Blómaskeið skáldskaparins á Íslandi félli ekki saman við landnámsöldina en það styddi hugmyndina um kynþáttablöndun við Kelta og að Íslendingar hefðu staðið framur Norðmönnum í skáldskaparmálum og sögulist (Jón J. Aðils, 1922, bls. 42-56). Ítarlega umfjöllun um tengsl menningar og þjóðernishyggju má finna í skrifum hollenska fræðimannsins Joep Leerssen.

2.4. Joep Leerssen um tengsl menningar og þjóðernisstefnu

Joep Leerssen (f. 1955), prófessor í evrópskum nútímabókmenntum við háskólann í Amsterdam, setur fram áhugaverðar kenningar um þjóðernisstefnu og tengsl hennar við menningu í grein sinni *Þjóðernisstefna og ræktun menningar* sem birtist í þýðingu Maríu

Bjarkardóttur í tímaritinu *Ritið*. Hann telur að þjóðernisstefna sé menningarlegt fyrirbæri en hafi ekkert með frjálshyggju- og jafnaðarstefnu að gera (Leerssen, 2008, bls. 191). Með því að rækta menningu aukist meðal annars áhugi á goðafræði, munnmælasögum, spakmælum, fornum ættflokkum og þjóðsögum. Þegar fram í sækti séu síðan upprunalegir textar endurritaðir, færðir í nútímabúning, settir í nýtt samhengi af menntuðum textafræðingum og ný og fersk þjóðleg tákni myndist á grundvelli eldri rita sem færi þjóðinni tilgang (Leerssen, 2008, bls. 206).

Joep Leerssen setur fram líkan um skilgreiningu á menningu og hvernig hún er ræktuð. Hann skiptir henni upp í fjögur svið sem geta þó skarast. Fyrsta sviðið er tungumálið sem tengist málfræðigreiningu, endurreisn tungumála, hreintungustefnu og málstýringu tungumála. Annað sviðið er orðræðusvið bókmennta, það eru skáldsögur, ljóð, leikrit, bókmenntagreinar, fræðileg skrif og sagnaritun. Þriðja sviðið eru áþreifanleg menningarleg verðmæti svo sem myndlist, byggingarlist og fornmunir. Síðasta sviðið tengist tómsundum svo sem þjóðdönsum, íþróttum og tónlist. Ræktun þessara menningarsviða er síðan skipt í þrjá flokka. Fyrsti og elsti flokkurinn tengist rómantíska tímabilinu og felst í að bjarga tungumáli, gripum og þjóðlegum venjum með skráningu og varðveislu. Annar flokkurinn er fólgin í að innblástur er sóttur í hið forna og ort eru ný ættjarðarljóð, nýjar þýðingar gerðar, leikrit og tónlist samin sem tengjast þjóðlegri sagnaritun og jafnvel þjóðbúningurinn fær annað líf. Þriðji og síðasti flokkurinn notar gamla menningu í áróðursskyni til að sameina sjálfsmynd þjóðarinnar (Leerssen, 2008, bls. 207-210). Mestu áróðurssnillingarnir komu frá Þýskalandi og verður fjallað um þá í næsta kafla.

3. Þriðja ríkið og norræn goðafræði

3.1. Þjóðernishyggjan í Þýskalandi

Áhugi á norrænni goðafræði hjá germönskum þjóðum spratt upp á nítjándu öld samhliða rómantísku stefnunni, þjóðernishyggju og hugmyndum um sameinað Þýskaland undir einni stjórn. Norræna goðafræðin var notuð til að réttlæta öfgaþjóðernishyggju, gyðingahatur og rasisma sem gekk út að hinn norræni kynstofn væri æðri öðrum (Cavendish, 1980, bls. 188). Norður-Evrópuþjóðir notuðu gjarnan menningararf sinn eða norræna goðafræði til upphefja þjóð sína en snillingar í menningarlegum áróðri voru Þjóðverjar sem studdust mest við norræna goðafræði sem þeir aðlöguðu að sinni hugmyndafræði. Undir lok nítjándu aldar var áhersla á blóðtengsl og sögulegar tengingar við norrænan uppruna hvergi meiri en í Þýskalandi. Þar var litið á þjóðernishyggjuna í víðara samhengi en í öðrum löndum Evrópu þar sem Þjóðverjar tengdu sig beint við norræna menningu með því að styðjast við norræna goðafræði (O'Donoghue, 2007, bls. 132). Hér er rétt að skoða nánar tenginguna á milli þýskrar þjóðernishyggju og norrænnar goðafræði en einn af þeim sem studdist við hana í verkum sínum var þýska tónskáldið Richard Wagner.

3.2. Richard Wagner og Adolf Hitler

Richard Wagner (1813-1883) þekkti þýskar þýðingar á *Snorra-Eddu*, eddukvæðum og *Völsunga sögu* og leitaði innblásturs úr þeim fyrir verk sín. Texti óperunnar *Niflungahringurinn* sem frumflutt var árið 1876 er að verulegu leyti byggður á þessum fornu íslensku sögum en nöfn persónanna eru fengin úr þýsku *Niflungaljóði* (Gísli Sigurðsson, 1998, bls. 11). Richard Wagner ritaði árið 1850 mjög niðrandi og hatursfulla grein í garð gyðinga *Das Judentum in der musik* (Wagner, 1850) sem kalla má á íslensku *Gyðingdómur í tónlist*. Það kemur kannski ekki á óvart að uppáhaldstónskáld Adolfs Hitlers (1889-1945) var Richard Wagner (Árni Björnsson, 2000, bls. 33).

Wagner leyndi ekki andúð sinni á gyðingum en gyðingahatur hafði lengi verið við lýði í Evrópu eða allt frá miðöldum (Árni Björnsson, 2000, bls. 31). Það var ekki eingöngu tónlist Wagners sem vakti áhuga Hitlers heldur einnig boðskapur hans um kynþætti og gyðingahatur. Haft er eftir æskuvini Adolfs Hitlers, August Kubizek (1888-1956), að Hitler hafi verið nánast heltekinn af Wagner. Hitler las allt sem hann komst yfir eftir hann, dagbækur, nótur, bréf og játningar hans. Adolf Hitler sökkta sér mjög djúpt í boðskap Wagners og var kunnugur öllum smáatriðum. Hann setti sig á sama stall og Wagner og bar sig gjarnan saman við tónskáldið þó svo að Hitler hafi á þessum árum verið mjög ungur maður og afrek hans engin nema nokkrar

vatnslitamyndir og teikningar auk þess sem hann hafði ekki mikla lífsreynslu (Kubizek, 2006, bls. 84-85).

3.3. Dálæti nasista á norrænni goðafræði

Þegar þjóðernishyggjan spratt upp í Þýskalandi á níttjándu öld voru Þjóðverjar ekki einungis uppteknir af uppruna hinnar germönsku þjóðar og norrænnar goðafræði heldur leituðu þeir einnig inn á svið dulspekinnar en mikill áhugi var á henni í Þýskalandi á þessum árum. Austurríski rithöfundurinn Guido von List (1848-1919) var fyrstur til að rita um tengsl dulspeki og guðspeki en hann sótti vísu sína til rúna og *Snorra-Eddu* (Goodrick-Clarke, 1992, bls. 49). Guido von List hélt því fram að hinir fornu heiðnu germanir hefðu flúið heimaland sitt undan kristnum mönnum og sest að á Norðurlöndum, þar á meðal á Íslandi, og að þeir hefðu trúað á norræna guðinn Óðin (O'Donoghue, 2007, bls. 152).

Þegar List var fjórtán ára gamall afneitaði hann katólskri trú og sór þess eið að einn dag myndi hann byggja musteri sem tileinkað yrði Wotan eða Óðni. List náði að sannfæra nokkra af æskufélögum sínum um að aðhyllast norræna trú og héldu þeir reglulega blót. Árið 1875 héldu þeir félagarnir hátíðlega upp á sumarsólstöður á toppi fjalls í grenndinni við Vínarborg en þar blótuðu þeir Baldur (Cavendish, 1980, bls. 189). Samkvæmt norrænni goðafræði er Baldur sonur Óðins og eitt merkilegasta goðið, mjög fagur og bjartur svo lýsir af honum og vitrastur ásanna. Dauði hans er einn af hátindum norrænnar goðafræði en í kjölfar dauða hans hefjast Ragnarök (Simek, 1993, bls. 29). Með blótathöfnum var reynt að hafa áhrif á öfl annars heims með því að færa þeim gjafir. Við fórnina átti sér stað endurnýjun og staðfesting á goðsögnum (Simek, 1993, bls. 39). List og vinir hans grófu meðal annars átta víNFLöskur sem láttnar voru mynda hakakrossinn en talið er að þetta sé í fyrsta skipti sem táknið var notað. Hakakrossinn er tákn sólar, elds og orku hjá fornum mönnum en einnig tengist krossinn hamrinum Mjölni sem er í eigu þrumugoðsins Þórs. Árið 1920 völdu nasistar hakakrossinn sem sitt tákn þar sem þeir trúðu því að það væri norrænt tákn sem hefði tengsl við norræna goðafræði og væri merki um æðri stöðu norræna manna gagnvart öðrum kynstofnum. Það var tannlæknirinn Friedrich Krohn sem hannaði táknið. Upphaflega hönnunin gerði ráð fyrir því að merkinu yrði snúið rangsælis og það átti að vera tákn fyrir bjarta framtíð en Hitler krafðist þess að hakakrossinum yrði snúið réttisælis (Cavendish, 1980, bls. 189).

Árið 1877 andaðist faðir List en hann hafði séð syni sínum fyrir framfærslu. List hóf þá blaðamannaferil og í kjölfar hans gaf hann út nokkrar bækur um norræna goðafræði. Bækur hans urðu mjög vinsælar og stofnsettur var bókaklúbbur undir nafni List sem hafði það hlutverk að dreifa bókum hans og boðskap sem víðast (Cavendish, 1980, bls. 189). Árið 1902 fór List

að velta fyrir sér rúnum. Hann komst að því að kjörfjöldi rúna væri 18 eða jafn göldrum Óðins í *Hávamálum* (O'Donoghue, 2007, bls. 152-153). Frá því á fyrstu öldum eftir Krist áttu norrænar þjóðir sérstakt stafróf sem byggt var á rúnum. Það tengdist ekki ákveðnu rúnatungumáli heldur merktu táknið mismunandi stafi í tungumálum hverrar þjóðar (Vésteinn Ólason, 1992, bls. 22). Það eru skiptar skoðanir um áhrifamátt rúna en margir trúðu því að hægt væri að nota þær til að leggja álög á fólk og til galdra. Rúnaletur átti síðar eftir að hafa áhrif á þjóðernissósíalismann í Evrópu (O'Donoghue, 2007, bls. 146). Nánasti samstarfsmaður Hitlers, Heinrich Himmler, varð einnig fyrir miklum áhrifum frá rúnaspeki og tóku nasistar rúnatáknið tvöfalt *S* og gerðu að einkennismerki á búninga SS-sérsvéitarinnar (O'Donoghue, 2007, bls. 153-154). Þess má geta að faðir Himmlers var mikill aðdáandi norrænna fornbókmennta og las þær reglulega fyrir son sinn og um tíu ára aldur á hann að hafa lagt á minnið langa kafla úr *Snorra-Eddu* og *Íslendingasögum* (Arnold, 2011, bls. 132-133).

List lést árið 1919 en hugmyndafræði hans um norræna goðafræði lifði áfram og hélt lærisveinn hans, Alfred Schuler (1865-1963), áfram verki hans. Árið 1922 hélt Schuler fyrirlestra í München um norræna goðafræði og verk List en líklegt er að Adolf Hitler hafi sótt einhverja af þessum fyrirlestrum en hann var þá að stíga sín fyrstu skref í pólitík (Cavendish, 1980, bls. 190). Á unga aldri hafði Adolf Hitler ekki mikinn aðgang að bókum en hann las þýskar hetjusögur sem áttu hug hans allan og það sama á við um hugmyndir um ódauðlegu hetjurnar frá Valhöll, Óðin og valkyrjurnar sem tengjast norrænni goðafræði (Kubizek, 2006, bls. 82-83). Þeir sem stofnsettu Þriðja ríkið sóttu fyrirmyndina til norrænu goðsagnarinnar um Ragnarök sem fjallar um endalok goðanna, lokabardagann og endurnýjun heimsmyndarinnar (O'Donoghue, 2007, bls. 155). Þrátt fyrir að Hitler hafi verið hrifinn af boðskap norrænnar goðafræði þá vasr hann ekki alveg heltekinn af henni að öllu leyti. Í *Mein Kampf* má lesa að hann er ekki alveg sammála því hvernig boðskapur norrænnar goðafræði er settur fram, aðallega vegna þess að hann telur að goðin reyni að forðast bardaga við óvininn, það er gyðinga, í skjóli þess að það muni auka á trúarlega spennu (Cavendish, 1980, bls. 189-190).

4. Fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik

Einn þekktasti fjöldamorðingi og hryðjuverkamaður í Evrópu á tuttugustu öldinni sem hefur tengt sig við norræna goðafræði er hinn alræmdi Norðmaður Anders Behring Breivik (f. 1979). Samkvæmt norska saksóknaranum Fredrik Sejersted lítur Anders Breivik á sjálfan sig sem ungan Adolf Hitler. Hann er með skýr markmið eins og Hitler um að einn daginn verði hann leiðtogi. Árið 2011 framdi Breivik voðaverk sitt sem leiddi til dauða 77 einstaklinga, annars vegar með sprengingu í Ósló og hins vegar með skotárás á meðlimi ungliðadeildar Verkamannaflokksins í eyjunni Útey en hann fékk 21 árs fangelsisdóm fyrir verknaðinn (Atli Ísleifsson, 2017). Því var alltaf haldið fram að Breivik væri hvítur kristinn hryðjuverkamaður en annað hefur komið í ljós. Árið 2015 kom yfirlýsing frá Breivik þar sem hann sagðist aldrei hafa trúað á Jesú Krist heldur goðið Óðin. Á einni skammbýssunni sem hann notaði við morðin stóð áletrunin „Mjólnir“ sem er hamar Þórs. Á riffli sem hann notaði stóð „Gungnir“ sem er spjót Óðins en áletranir á vopnin risti hann með rúnalettri (Rognsvág, 2015). Samkvæmt norrænni goðafræði er hamarinn Mjólnir morðvopn goðsins Þórs, þegar hann kastar honum þá birtast þrumur og eldingar og hamarinn skilar sér síðan alltaf til baka í hendur Þórs. Einnig er hamarinn tákn fyrir frjósemi og karlmennsku (Simek, 1993, bls. 172). Gungnir er spjót Óðins sem hann notar í bardögum. Óðinn er ædsta goðið, hann er nefndur Alfaðir og ræður öllu, hann er meðal annars hernaðargoð og goð hinna dauðu. Hann hékk í níu nætur á spjóti til að öðlast þekkingu á rúnagaldri (Simek, 1993, bls. 188-190). Með spjótinu gat Óðinn hitt allt sem á vegi hans varð og með því gat hann helgað sér hina föllnu (Lindow, 2002, bls. 155). Hugsanlega hefur ástæða Breivik fyrir því að skrifa með rúnalettri „Gungnir“ og „Mjólnir“ á morðvopnin verið sú að hann líti á sjálfan sig sem norrænu goðin Óðin eða Þór, hafi viljað öðlast frægð fyrir bardaga eins og goðin og gera sjálfan sig að ódauðlegri goðsögn. Í raun náði Breivik með voðaverkunum tilgangi sínum fram þar sem hann hefur eignast nokkuð stóran aðdáendahóp sem dýrkar hann. Breivik hefur fengið þúsundir aðdáendabréfa frá einstaklingum víða um heiminn sem aðhyllast sömu skoðun og hann um að það geti verið réttlætanlegt að drepa innflytjendur frá múslimalöndum (Owen og Griffiths, 2012).

5. Norræn goðafræði í teiknimyndum og kvikmyndum

5.1. Illmenni með dökka húð

Norræna goðafræðin er vinsælt efni nú á dögum á Íslandi bæði hvað varðar bókmenntir og teiknimyndir og víða sjást þess merki að listamenn þjóðarinnar styðjist við efnivið hennar. Hér verður fjallað um fornkvæðið *Þrymskviðu* og hvernig efni þess hefur verið notað í nútímanum en þá útgáfu af fornkvæðinu *Þrymskviðu* sem hér verður stuðst við er að finna í bókinni *Eddukvæði* sem Gísli Sigurðsson ritstýrði (Gísli Sigurðsson, 1998, bls. 136-143). Kynnt verður teiknimynd frá árinu 2003 (Friðrik Rúnar Garðarsson, 2015), sem byggð er á *Þrymskviðu* og var sýnd í *Stundinni okkar á RÚV*. Þrátt fyrir ágætis tilraun til að kynna fornkvæðið fyrir ungmennum á skemmtilegan máta er það gert á nokkuð vafasaman hátt og ýtir undir rasisma í íslensku þjóðfélagi.

Þrymskviða er eitt af goðakvæðunum sem finna má í *Konungsbók*. Kvæðið er vel varðveitt og hafa því margir fræðimenn viljað draga þá ályktun að það sé ort eftir að Snorri samdi *Edduna* sína. Málfar kvæðisins virðist þó benda til þess að kvæðið sé ekki yngra en frá árinu 1200. Til eru þjóðsögur og sagnadansar frá Norðurlöndum sem beinlínis virðast vera skyld *Þrymskviðu* og eru líkur á því að sagan hafi borist seint til Íslands frá Norður-Noregi en kvæðið hafi síðan verið ort á Íslandi um árið 1200 (Vésteinn Ólason, 1992, bls. 103-104). *Þrymskviða* er eitt þekktasta eddukvæðið og hefur það verið mikið rannsakað af fræðimönnum frá Norðurlöndum og raunar Vestur-Evrópu allri, sérstaklega í hinum enskumælandi heimi. Innihald *Þrymskviðu* gengur lengra en aðrar norrænnar goðsagnir varðandi gamansemi og er skopstæling. Það eru einkum taldar tvær ástæður fyrir því að kvæðið vekur enn áhuga nú á dögum. Í fyrsta lagi fjallar kvæðið um sígild átök sem koma fyrir í mörgum norrænum goðakvæðum, það er viðskipti milli rísa og guða og í öðru lagi er það grípandi og myndið (Ross, 2002, bls. 180-183). Sagan er samfelld frásögn sem byrjar á þann veg að þrumuguðinn Þór vaknar og uppgötvar að hamarinn hans, Mjöllnir, er horfinn. Með hjálp Loka og aðstoð Freyju tekst þeim að endurheimta hamarinn úr greipum jötunsins Þryms sem hafði stolið honum í þeim tilgangi að fá Freyju í skiptum fyrir hamarinn.

Árið 2003 var sýnd í *Stundinni okkar* á RÚV teiknimyndin *Þrymskviða* sem byggð er á samnefndu kvæði. Handritið gerði Friðrik Rúnar Garðarsson og teikningar eru eftir Árna Guðjónsson. Leikarar sem ljáðu raddir sínar voru: Friðrik Rúnar Garðarsson, Jóhann G. Jóhannsson og Þóra Sigurðardóttir. Þættirnir eru fimm, hver þáttur á bilinu tvær til fjórar mínútur að lengd. Þessi teiknimynd var sýnd í *Stundinni okkar* sem sýnir barnaefni fyrir yngstu kynslóðina. Þrátt fyrir að lögð sé áhersla á gleði og grín er þessi teiknimynd ekki bara afþreying

og skemmtun heldur er hér um að ræða fræðsluefni fyrir börn og kynningu á íslenskum fornþókmenntum. Illmenni í teiknimyndinni eru sýnd dökk á hörund og gert er grín að talsmáta þeirra og holdafari. Telja má nokkuð langt gengið í teiknimynd Friðriks Rúnars þar sem um er að ræða barnaefni og ekki við hæfi að gera grín að útliti fólks. Það mætti draga þá ályktun að allir þeir sem séu með dökka húð og tali íslensku óskýrt séu illmenni.

Í fornkvæðinu eru ekki miklar lýsingar á útliti Þryms, en hann er gerður nokkuð spaugilegur í teiknimyndinni, þar er hann hafður feitur, með skemmdar tennur og klæddur í allt of lítinn bol með áletruninni: „Ég elska sinnep“. Þrymur er með talgalla og húðlitur hans er dökkblár. Systir Þryms er einnig sýnd með blálitaða húð, látin hljóma nefmælt og með hring í nefinu. Þess má geta að í útskýringum Guðrúnar Nordal um *Gylfaginningu* segir hún að jötnarnir hafi verið svartir og dökkir (Sölvi Sveinsson, 2011, bls. 177). Í fornum íslenskum ritum voru svartir menn kallaðir blámenn og þeir voru ekki alltaf flokkaðir með mennskum mönnum. Oft var litið á blámenn, púka, berserki og risa sem sömu veruna (Sverrir Jakobsson, 2005, bls. 137). Blámenn eru eitt dæmi um það hvernig ákveðnir hópar eru gerðir að skrímslum í íslenskum miðaldabókmenntum sem grundvallast á því að þeir tilheyri ekki réttu menningarlegu mengi og falli því ekki í rétt samfélagsleg viðmið. Blámenn eru gjarnan gerðir að óhugnanlegum djöflum, vondum dökkum villimönnum með krækt nef, stórar varir og gul augu. Samfélög á miðöldum drógu upp ákveðna mynd af óvininum vegna trúarbragða sinna, sýndu fram á að blámenn væru óæðri hvítum mönnum og var þeim oft lýst sem ótalandi dýrum eða hundum (Arngrímur Vídalín, 2017, bls. 4-6).

Menning og hugmyndafræði samfélagsins hefur áhrif á það hvernig einstaklingarnir mótast. Í hverju þjóðfélagi eru ákveðnar staðalmyndir sem flestir þekkja til og þær kalla fram í hugann ákveðnar myndir þegar tiltekin orð eða orðasambönd eru í umræðunni. Þess vegna nota einstaklingar oft sambærileg yfirborðsleg einkenni um uppruna og litarhátt fólks og gera ekki greinarmun á því hvort þessir eiginleikar séu til staðar eins og til dæmis þegar fullyrt er að múslimar séu djöflar í mannsmynd. Nú til dags móta yfirborðslegir þættir skoðanir rasista eins og að svart sé illt og framandi uppruni sé illur en sams konar viðhorf voru einnig uppi á miðöldum (Arngrímur Vídalín, 2017, bls. 1). Eins og áður hefur komið fram eru illmennin í teiknimynd Friðriks Rúnars höfð dökk á hörund sem endurspeglar hugmyndafræði miðalda um framandi menningu en þess háttar viðhorf eiga ekki heima í nútímasamfélagum.

Hugsanlegt er að höfundur teiknimyndarinnar sem sýnd var í *Stundinni okkar* hafi fengið innblástur frá eldri teiknimynd sem út kom árið 1980 en hún er einnig gerð eftir *Þrymskviðu* (Sigurður Örn Brynjólfsson, 1980). Þar er Þrymur hafður appelsínugulur á lit eins og Þór. Þrymur er í útliti eins og viðskiptajöfur og þess vegna er húðlitur hans mögulega ekki

hafður mjög dökkur þar sem slíkt bryti í bága við hugmyndafræði þess tíma um útlit vel efnaðs fólks. Hinir jötnarnir eru með dökka litaða húð en systir Þryms höfð græn á lit með bein í krulluðu svörtu hárinu og er ekki ósvipuð í útliti og tíu litlu negrastrákarnir í barnasögunni sem íslenski listamaðurinn Muggur myndskreytti á sínum tíma (Guðmundur Thorsteinsson, 2007). Bókin *Tíu litlir negrastrákar* var endurútgefin árið 2007 og í kjölfar þess spruttu upp miklar umræður í þjóðfélaginu um hvort bókin ætti erindi í nútímanum (Gunnar Reynir Valþórsson, 2007). Nú til dags þykir ekki við hæfi að rita orðið „negri“ og ef það er gert þá er það sett í gæsalappir. Það gildir hins vegar ekki það sama um myndasögur og teiknimyndir þrátt fyrir að ákvæði fyrstu málsgreinar 65. greinar Stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands (lög um stjórnarskrá Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944) banni meðal annars mismunun á grundvelli þjóðernisuppruna, kynþáttar eða litarháttar. Árið 2014 var sú breyting gerð á almennum hegningarlögum að skerpt var á ákvæði því sem snýr að kynþáttahatri. Samkvæmt ákvæði a-liðar 233. greinar almennra hegningarlaga nr. 19/1940 (almenn hegningarlög nr. 19/1940), skal sá sæta fangelsi allt að tveimur árum sem hæðist opinberlega með myndum eða táknum að einstaklingi eða hópum vegna meðal annars litarháttar, kynþáttar eða þjóðernis. Teiknimyndir eins og fjallað hefur verið um hér að ofan falla líklega ekki undir þetta ákvæði hegningarlaga en á það hefur ekki reynt.

5.2. Þeldökkur Heimdallur og mótmæli

Það eru ekki einungis íslenskir listamenn sem hafa leitað í smiðju norrænnar goðafræði við sköpun á verkum heldur birtast norræn goð víða um heiminn í formi teiknimynda, kvikmynda, tölvuleikja og tímarita. Fyrst kom út teiknimyndasaga um þrumugoðin Þór á prenti í upphafi sjöunda áratugarins í Bandaríkjunum á vegum útgáfufyrirtækisins Marvel Comics. Hugmyndina að *The Mighty Thor* átti Stanley Martin Lieber (f. 1922) sem tók upp listamanns nafnið Stan Lee. Yngri bróðir hans, Larry Lieber (f. 1931) og Jack Kirby (1917-1994) komu að þessu verkefni með honum. Fyrsta saga þeirra birtist í tímaritinu *Journey Into Mystery* árið 1962 og bar hún heitið *Thor the Mighty and the Stone Men of Saturn!* Þar var Þór kynntur sem „Æsilegasta ofurhetja allra tíma!“. Teiknimyndasögurnar um þrumugoðinn Þór voru meðal annars notaðar í pólitískum tilgangi og í fyrstu sögunni sem gerist í Noregi er NATO sett á háan stall (Jón Karl Helgason, 2014, bls. 79-80).

Stan Lee og Jack Kirby fóru mjög frjálsglega með heimildir úr norrænni goðafræði þegar þeir sköpuðu Ása-Þór (Úlfhildur Dagsdóttir, 2014, bls. 57-58). Því má þó ekki gleyma að hér er um skáldskap að ræða þar sem norræna goðafræðin er aðeins undirstaða fyrir myndasöguna. Myndasögurnar um Þór hafa verið gríðarlega vinsælar í Bandaríkjunum og hafa ef til vill valdið misskilningi og gefið ranga mynd af norrænni goðafræði en þrátt fyrir það hafa þær vakið áhuga

á fornnorrænum menningararfi (Úlfhildur Dagsdóttir, 2014, bls. 62). Alls hafa verið gefnar út um 500 myndasögur um Þór og höfundar hafa sótt sér efnivið til norrænnar goðafræði og endurritana þeirra. Enn fremur hafa verið framleiddar kvikmyndir um Þór sem hafa valdið miklum deilum í sambandi við leikaraval. Fyrsta myndin í þrileiknum um Þór bar nafnið *Thor* og var frumsýnd árið 2011. Leikstjóri hennar var Kenneth Branagh (Jón Karl Helgason, 2014, bls. 87). Branagh gerðist nokkuð djarfur í leikaravali sínu en hann lét breska blökkumanninn Idris Elba leika hlutverk Heimdallar. Mikil mótmæli urðu gegn þessari ákvörðun í Bandaríkjunum og víðar. Hópur hvíttra manna í Bandaríkjunum setti fram óskir um að lögbann yrði sett á myndina vegna þess að það væri óvirðing við norræna goðafræði að láta blökkumann leika Heimdall (Child, 2010).

Samkvæmt norrænni goðafræði býr Heimdallur í Himinbjörgum við Bifröst, hann veit hvað framtíðin ber í skauti sér en hann er sagður þurfa lítinn svefn og hafa mjög góða sjón og heyrn (MacCulloch, 1964, bls. 152-154). Heimdallur er varðmaður goðanna og hefur það hlutverk að blása í lúður sinn í upphafi Ragnaraka til að gera goðunum viðvart. Hann er sagður vera faðir alls mannkyns og er óvinur Loka en þeir heyja orrustu í Ragnarökum. Snorri Sturluson kallaði hann „hinn hvíta ás“ enda er hann hvítastur allra ása (Simek, 1993, bls. 110). Myndin *Thor* er endursögn af myndasögum sem gerðar voru af Marvel á sínum tíma. Áður en kvikmyndin varð að veruleika höfðu verið gerðar margar tilfærslur frá munnlegum sögum og yfir í samfellda frásögn í *Snorra-Eddu*, sem síðan var aftur endurrituð og breytt fyrir bandarískar myndasögur (Úlfhildur Dagsdóttir, 2014, bls. 64). Myndin *Thor* endurspeglar að einhverju leyti þá þróun sem átt hefur sér stað í bandarísku þjóðfélagi en þeir mótmælendur sem settu sig upp á móti því að Heimdallur væri leikinn af blökkumanni hafa ekki skynjað þessar þjóðfélagsbreytingar. Mótmælendurnir hafa hreinlega tekið norrænu goðafræðina of bókstaflega en þeir eru ekki þeir einu sem hafa gert það heldur eru margir öfgahópar sem leita til norrænnar goðafræði, og þar á meðal til Ásatrúarfélagsins á Íslandi sem styðst við hana.

6. Ný öfgasamtök á Norðurlöndum

6.1. Ásatrúarfélagið á Íslandi og nýnasismi

Ásatrúarfélög hafa undanfarin ár verið í sviðsljósinu vegna tengsla þeirra við ýmis öfgasamtök. Árið 2010 tók Karl E. H. Seigfried viðtal við Hilmar Örn Hilmarsson, allsherjargoða Ásatrúarfélagsins á Íslandi, en þar kom meðal annars fram að á áttunda áratugnum hefðu Hilmar Örn og Sveinbjörn Beinteinsson, þáverandi allsherjargoði, ákveðið að slíta á öll samskipti við þýskt ásatrúarfélag þar sem meðlimir þess reyndust vera öfgasinnaðir nasistar þrátt fyrir að allt hefði litið mjög vel út á yfirborðinu hjá þeim. Þá hefði söfnuðurinn á Íslandi þurft að reka einn safnaðarmeðlim þar sem hann hefði í nafni Ásatrúarfélagsins skipst á rasískum hugmyndum við ákveðinn hóp af fólki. Einnig benti Hilmar Örn á að í Noregi og Svíþjóð hefðu verið stofnuð ásatrúarfélög sem væru mörg hver lituð af kynþáttafordómum en svo virtist sem hægrisinnaðir öfgamenn næðu oft yfirhöndinni í slíkum félögum (Seigfried, 2011).

Þann 17. ágúst 2016 var frétt þess efnis í Ríkisútvarpinu að bandarískir fangar, kynþáttahatarar og nýnasistar utan úr heimi hefðu leitað til Ásatrúarfélagsins á Íslandi en þessir einstaklingar hefðu sóst eftir trúarlegri leiðsögn félagsins. Viðtal var tekið við Óttar Óttósson sem er einn meðlimur Ásatrúarfélagsins. Hann sagði meðal annars að Ásatrúarfélagið á Íslandi hefði orðið fyrir gagnrýni fyrir að sinna ekki erlendum systurfélögum og einstaklingum sem til þeirra leituðu. Ásatrúarfélagið var meðlimur í ECER, Alþjóðasamtökum heiðinna trúfélaga, sem er með höfuðstöðvar í Litháen en sagði sig úr samtökunum vegna þess að sumir meðlimir þeirra voru mjög vafasamir, með þjóðrengingsáherslur og börðust á móti innflytjendum í skjóli norrænnar goðafræði. Samskipti Ásatrúarfélagsins á Íslandi við erlend félög eru nú frekar á persónulegum nótum heldur en formlegum. Ýmis dæmi eru um að þjóðernissinnar sem eru á móti innflytjendum og fjölmenningu skýli sér á bak við norræna goðafræði og gott dæmi um það eru Hermenn Óðins í Finnlandi og víðar á Norðurlöndum. Óttar telur að ástæðan fyrir því að samtök sem eru yst á hægri vængnum leiti til Ásatrúarfélagsins á Íslandi sé sú að félagið sé elsta og stærsta félagið á þessu sviði í heiminum og tilvist þess byggji á traustum grunni. Að hans mati er önnur ástæða hugsanlega sú að einstaklingar með skrýtnar skoðanir snúi sér til Ásatrúarfélagsins þar sem þeir þurfi á einhverri kjölfestu að halda og leiti sér því skjóls í gamalli norrænni menningu. Þetta væri í sjálfu sér ekki óeðlilegt ef hatursboðskapur þessara manna væri ekki til staðar. Hluti af þessum einstaklingum tilheyri hópum sem séu á móti trúarbrögðum frá Miðausturlöndum, íslam, gyðingdómi og kristni og vegna þess að þessi trúarbrögð séu þeim framandi þá henti ásatrúin þeim betur (Arnhildur Hálfðánardóttir, 2016).

6.2. Hermenn Óðins

Ein af þeim öfgasamtökum sem tengja sig við norræna goðafræði eru Hermenn Óðins. Í Danmörku er mikil hræðsla meðal íbúa fjölmargra bæja þar sem Hermenn Óðins hafa sest að. Þessi öfgasamtök eru sökuð um útlendingahatur en þau segjast vera að tryggja öryggi íbúanna. Þegar opna átti í Kalundborg á Sjálandi heimili fyrir nokkur hundruð hælisleitendur þá birtust Hermenn Óðins í bænum til að stofna félagsdeild sína þar. Meðlimir samtakanna sögðu að bæjarbúar hefðu óskað eftir þjónustu þeirra. Samtökin Hermenn Óðins voru upphaflega sett á stofn í Finnlandi en hafa síðan breiðst út til annarra landa, þar með talið Íslands. Stefna þeirra tengist andúð á útlendingum og hælisleitendum en út á við segjast þeir vera að vernda innlenda borgara fyrir ágangi óæskilegra útlendinga að þeirra mati. Í Finnlandi eru Hermenn Óðins þekktir fyrir að tengjast nasisma og heilsa hver öðrum með nasistakveðju (Sveinn H. Guðmarsson, 2016).

Árið 2015 komu vísbendingar um að Hermenn Óðins hefðu náð fótfestu hér á landi. Meðlimir samtakanna hafa einhverra hluta vegna ekki viljað koma fram undir eigin nafni og tjá sig því alltaf í skjóli nafnleyndar. Samtökin eru að finnskri fyrirmynd en þar í landi ganga þau þó lengra þar sem hópur þeirra sinnir eftirliti á götum þar sem þeir segja að lögreglan hafi brugðist hlutverki sínu við að verja samfélagið. Lögreglan í Finnlandi sá ástæðu til þess að áréttu að sjálfskipuð löggæsla væri ekki lögleg en ekki væri hægt að banna hópunum að ganga um götur (Valur Grettisson, 2016). Samtökin eru nú einnig starfrækt í Noregi og einn meðlimur þeirra er fyrrum forsprakki samtaka sem eru fjandsamleg íslam en þau kalla sig Varnarsveitir Noregs. Hermenn Óðins í Finnlandi hafa farið í margar mótmælagöngur í bæjum og fullyrt að íslamskir aðkomumenn séu glæpamenn sem valdi öryggi meðal íbúa. Samtökin vilja verja íbúa Finnlands gegn hættulegum hælisleitendum og sérstaklega vernda konur fyrir árásum sem þeir fullyrða að hælisleitendur standi að baki. Liðsmenn samtakanna eru sumir klæddir í svarta jakka með mynd af hyrndum hjálm á bakinu. Þessi samtök hafa barist gegn komu flóttamanna til landsins sem er nokkuð hjákátlegt þar sem Óðinn, goðið sem þau kenna sig við, var sjálfur flóttamaður frá Tyrklandi sem flúði undan hernaði Rómverja eins og fram kemur í *Snorra-Eddu* (Þorvaldur Friðriksson, 2016).

6.3. Flóttamaðurinn Óðinn

Heimildir um flóttamanninn Óðin og menn hans má finna í *Prologus* Snorra Sturlusonar (Árni Björnsson, 1975) en samkvæmt honum eru goðin í raun og veru ekkert annað en dauðlegir menn. Í *Prologus* er sagt frá sköpunarsögu heimsins ekki á ósvipaðan hátt og henni er lýst í *Bíblíunni*. Eftir Nóaflóðið voru aðeins átta manns eftir á jörðinni og er allt mannkynið komið

frá þeim. Veröldinni var skipt í þrjár heimsálfur, Evrópu eða Enea, Afríku og Asíu. Asía var þekkt fyrir að þar var jörðin fegri og betri en annars staðar og íbúarnir sem kölluðu sig Asíumenn voru frægir fyrir speki sína og aflsmun. Asía var talin miðpunktur veraldarinnar og nær miðri veröldinni var svæði sem kallað var Trója eða Tyrkland. Talið er að Óðinn hafi komið frá þessu svæði. Óðinn og kona hans Frigg höfðu fengið spádóm þess efnis að ef Óðinn myndi fara frá Tyrklandi til norðurslóðanna þá myndi honum verða tekið þar sem goði og hann tignaður fram yfir alla konunga. Óðinn setti syni sína þrjá yfir Saxland, Frakkland og Vestfal en hélt sjálfur til Svíþjóðar. Gylfi konungur Svíþjóðar tók vel á móti Ásunum og sagði að Óðinn mætti setjast að þar sem hann vildi. Óðinn valdi sér land í Sigtúni eða þar sem Noregur er nú og setti þar upp stjórnkerfi að tyrkneskri fyrirmynd, það er að hann skipaði tólf höfuðsmenn sem áttu að dæma eftir landslögum. Samkvæmt Snorra eru allir konungar Norðurlandanna afkomendur Tyrkja eða Asíumanna og tungumál landanna eiga einnig rætur sínar í Tyrklandi (Árni Björnsson, 1975, bls. 1-9). Ef tekið er mark á sköpunarsögu Snorra Sturlusonar þá tilbiðja Hermenn Óðins goðið Óðin sem var eins og áður segir flóttamaður frá Tyrklandi en á sama tíma mótmæla þeir flóttamönnum sem streyma til Norðurlandanna frá núverandi stríðssvæðum eða frá sama svæði og Óðinn kom frá.

6.4. Norræna mótstöðuhreyfingin

Að undanfögnu hafa sprottið upp á Norðurlöndum, þar á meðal á Íslandi, fleiri nýnasistasamtök sem berjast gegn fjölmenningu. Ein af þessum samtökum bera nafnið Norræna mótstöðuhreyfingin en hún sameinar nýnasista á Norðurlöndunum og í Eystrasaltsríkjunum (Þórgnýr Einar Albertsson, 2017). Meðlimir samtakanna gæta sín á því að koma ekki fram undir nafni en þeir eru mjög virkir, hafa heimasíður á veraldarvefnum sem vísa hver á aðra og þar má finna grófan nýnasistaáróður. Á heimasíðum samtakanna er mynd af tákni sem notað er til að auðkenna þau (Norðurvígi.is, e.d.). Tákn hreyfingarinnar er Týsrúnin en hún var til forna rist á sverðshjölt til sigurs í bardögum og stendur fyrir nafn norræna goðsins Týs (Simek, 1993, bls. 233). Týsrúnin er tákn um lög og reglu, rökvísi og karlmennsku (Matthías Viðar Sæmundsson, 2004). Týr var vitur, þorinn og réði sigri í orustum en hlutverk hans var að stýra réttlæti og leysa deilur á milli manna. Hann fórnaði hendi sinni í kjaft Fenrisúlfsins á sama hátt og menn fórna nokkru í þágu réttlætisins þegar málum er miðlað (Sölvi Sveinsson, 2011, bls. 64-65). Í *Snorra-Eddu* er Týr sagður einn af þýðingarmestu ásunum en hann var stríðs- og hernaðargoð (Simek, 1993, bls. 233). Eins og nasistar í seinni heimsstyrjöldinni þá notar Norræna mótstöðuhreyfingin norræna rún til að einkenna sig en óvarlegt er að draga þá ályktun að þekking þeirra á rúnafræðum og norrænni goðafræði sé mikil.

Norræna mótstöðuhreyfingin hefur sett sér sérstaka stefnuskrá þar sem fram kemur að hún vilji hrifsa völdin af „Síonistum“, setja á stofn sameiginlegan her á Norðurlöndum, hafa einn gjaldmiðil, miðstýrðan banka, sameiginleg landslög og fjölmiðla í eigu ríkisborgara hins „nýja Norðurs“. Þá vill hreyfingin að ríkin hætti þátttöku í Evrópusambandinu og skapað verði samfélag þjóðernisfélagshyggjumanna, auk þess sem tekin verði upp herskylda. Markmið Íslandsarms hreyfingarinnar er meðal annars að upplýsa fólk um „fjölmennungargildruna“ og leitað er að fólki sem er tilbúið í götuaðgerðir en tilgangurinn er að stöðva innflutning á fólki til landsins og stuðla að brottflutningi meirihluta fólks sem ekki er af norðurevrópskum uppruna (Þórgnýr Einar Albertsson, 2017).

Líklegast er ein ástæðan fyrir stofnun þessara öfgasamtaka hræðslan við að Norðurlandþjóðirnar muni missa sín séreinkenni og menningu vegna komu flóttafólks frá stríðsþjáðum svæðum sem vilja setjast að á Norðurlöndum. Hafa verður hér í huga hverjir standa að baki Norrænu mótstöðuhreyfingunni. Finna má samhljóm með stefnuskrá Norrænu mótstöðuhreyfingarinnar og þeirri stefnu sem predikuð var í Þriðja ríkinu á síðustu öld. Í stefnuskrá nasistaflokksins í Þýskalandi kemur fram að Þjóðverjar eigi að sameinast innan vébanda Stór-Þýskalands, jafnframt að einungis sá geti orðið þýskur ríkisborgari sem er af þýsku bergi brotinn og hefur þýskt blóð í æðum. Þá segir að gyðingar geti ekki talist til Þjóðverja og að stöðva skuli allan innflutning á útlendingum og alla þá útlendinga sem sest hafi að í Þýskalandi eftir 2. ágúst 1914 skuli senda úr landi (Emblem o.fl., 1995, bls. 456).

7. Auknir kynþáttafordómar á Íslandi

Samtímis því að Hermenn Óðins og Norræna mótstöðuhreyfingin hafa náð fóttfestu á Íslandi þá hafa komið fram vísbendingar um að kynþáttafordómar hér á landi hafi aukist. Beinast þeir í flestum tilvikum gegn múslimum auk þess sem hatursáróður á netinu hefur almennt vaxið. Þann 28. febrúar 2017 kom út skýrsla nefndar Evrópuráðsins gegn kynþáttafordómum og umburðarleysi (ECRI) á Íslandi. Eitt af því sem nefndin telur ábótavant á Íslandi er að yfirvöld hafi ekki sett á laggirnar stofnun sem tekur á mismunun og kynþáttafordómum (Council of Europe, 2017, bls. 9). Þá telja skýrsluhöfundar að hatursáróður á netinu á Íslandi sé mikið vandamál og sérstakt áhyggjuefni en íslensk yfirvöld verði að beita sér gegn því. Í skýrslu nefndarinnar í tölulið nr. 28 í kaflanum um niðurstöður og tilmæli kemur fram að einn lögregluþjónn hafi verið ráðinn til að sinna hatursglæpum á Reykjavíkursvæðinu. Jákvæður punktur í skýrslunni er að lögreglan hafi sett upp sérstakan gagnabanka til að fylgjast með hatursorðræðu á veraldarvefnum en sérstaklega sé fylgst með starfsemi ákveðinna öfgahópa eins og Hermanna Óðins sem séu virkir á veraldarvefnum. Þá er einnig gagnrýnt að kjörnir borgarfulltrúar og þingmenn hafi tjáð sig á neikvæðan hátt gagnvart útlendingum hér á landi auk þess sem íslenskir fjölmiðlar eigi einnig sinn þátt í kynþáttahatrinu (Council of Europe, 2017, bls. 13-16).

Lokaorð

Þjóðernishyggjan spratt upp í Evrópu á nítjándu öld þegar mörg ósjálfstæð ríki börðust fyrir sjálfstæði sínu gegn nýlenduherrum. Þessi ríki köfuðu djúpt eftir menningarlegum séreinkennum sínum til að sameina þjóð sína gegn erlendum áhrifavöldum. Í því umhverfi fæddist þjóðernishyggjan sem síðan varð undirrótin að nasismanum. Nú á dögum sjást þess merki að nýnasisminn sé vaknaður af dvala í Evrópu og hefur hann náð töluverðri fótfestu. Að mínu mati er ein ástæðan fyrir því sú mikla stækkun sem orðið hefur á Evrópusambandinu undanfarin ár, frjálsari fólksflutningar milli landanna og aukinn flóttamannastraumur til Evrópu. Ríkustu þjóðirnar innan Evrópusambandsins reyna að nýta sér bágt efnahagsástand verr staddra ríkja meðal annars með innflutningi á ódýru vinnuafli en þetta minnir óneitanlega á nýlendustefnu fyrri alda.

Eins og áður hefur verið nefnt kom nefnd á vegum Evrópuráðsins (ECRI) fram með tillögur um úrbætur sem gera þarf í sambandi við kynþáttafordóma og umburðarleysi á Íslandi. Í skýrslunni er bent á að andúð gegn útlendingum hér á landi tengist ekki einungis öfgahópum eins og Hermönnum Óðins heldur hríslist hatrið víða um þjóðfélagið og nái jafnvel til kjörinna borgarfulltrúa og þingmanna. Íslenskir fjölmiðlar eiga einnig sinn þátt í því að kynda undir andúð gegn útlendingum hér á landi, þeir móta skoðanir og hafa mikil áhrif á almenning. Fordómar eru lærð hegðun sem ákvarðast af aðstæðum og menningarlegu umhverfi. Fyrirmyndirnar sækir fólk meðal annars til bókmennta, kvikmynda, fjölmiðla og upplýsinga á veraldarvefnum en þar er margt varasamt í boði. Hetjurnar úr norrænni goðafræði eins og Óðinn og Þór geta þar breyst í ofbeldisdólgla og orðið slæm fyrirmynd. Menning samfélagsins hefur áhrif á það hvernig einstaklingar mótast í þjóðfélaginu en þar eru ákveðnar staðalmyndir sem flestir þekkja til sem kalla fram í hugann ákveðnar táknmyndir þegar tiltekin orð eða orðasambönd eru í umræðunni. Þess vegna er mjög mikilvægt að vanda valið á því afþreyingarefni sem sýnt er hér á landi og á það sérstaklega við um barnaefni.

Sú spurning vaknar af hverju einn af upphafsmönnum nasismans í Þýskalandi, Guido von List, heillaðist svo mikið af norrænni goðafræði að hann afneitaði kristinni trú og norski fjöldamorðinginn Anders Behring Breivik kom með yfirlýsingu þess efnis að hann væri ekki kristinn heldur að hann aðhylltist ásatrú. Það sem hefur líklegast heillað þá er að norrænu goðin voru hetjur sem tóku þátt í bardögum og stóðu oftast uppi sem sigurvegarar. Bæði Breivik og List höfðu mikið af áhangendum. Kenningar List þróuðust yfir í nasistastefnu Þriðja ríkisins sem endaði eins og kunnugt er með seinni heimsstyrjöldinni og dauða tuga milljóna manna. Það er hins vegar áhyggjuefni að Breivik hefur eftir voðaverkin sem hann framdi í Útey eignast

fjöldi aðdáenda víða um heiminn. Einn angur af þessu á Norðurlöndum er stofnun samtakanna Hermanna Óðins sem kenna sig við ásatrú en hugmyndir þessara öfgasamtaka um notkun og tengsl við norræna goðafræði er nokkuð sérkennileg.

Snorri Sturluson heldur því fram í *Prologus* að Óðinn sé kominn frá því svæði sem í dag tilheyrir Tyrklandi og það er því kaldhæðnislegt að Hermenn Óðins sem tengja sig við ásatrú skuli vera á móti flóttamönnum frá því svæði sem átrúnaðargoð þeirra kom upphaflega frá en líklegast eru meðlimir samtakanna ekki vel lesnir í norrænni goðafræði eða taka úr henni einungis það sem þeim hentar. Samkvæmt goðsögninni um komu Óðins og manna hans til Norðurlandanna á sínum tíma þá var þar tekið vel á móti þeim en meðlimir norrænu öfgasamtakanna Hermenn Óðins eru í raun að mótmæla komu „frændfólks“ Óðins. Rök fyrir því að takmarka eigi komu flóttamanna til Norðurlandanna eru meðal annars að þjóðirnar séu svo ólíkar en ef tekið er bókstaflega mark á sköpunarsögu Snorra Sturlusonar í *Prologus* þá á það ekki við rök að styðjast.

Íslendingar kenna sig gjarnan við víkinga en í raun lagðist einungis hluti af þeim í víking. Eins og bent hefur verið áður á höfðu víkingarnir á sér frekar slæmt orðspor vegna hegðunar sinnar en þeir fóru víða um í ransferðum þar sem þeir rændu, myrtu og hnepptu fólk í þrældóm. Fyrstu íslensku landnemarnir voru meðal annars ásatrúarmenn en norræna goðafræðin og ekki síst íslenskar fornsögur fjalla mikið um bardaga og hefndir. Þó Ásatrúarfélagið á Íslandi styðjist að hluta til við norræna goðafræði á það takmarkaða samleið með þeim ásatrúarmönnum sem voru hér á landi fyrir þúsund árum síðan. Boðskapur Ásatrúarfélagsins á Íslandi tengist ekki nýnásisma eða rásisma og það er því óskiljanlegt hvers vegna ýmis öfgasamtök leita til ásatrúar og norrænnar goðafræði. Ásatrú er upprunnin á Norðurlöndum og var aðallega iðkuð af mönnum af hvítum norrænum kynstofni og sennilega er það þess vegna sem áhugi er svo mikill á norrænni goðafræði og rúnum hjá öfgasamtökum sem tengja sig við nýnásisma og rásisma auk þess sem hann gæti tengst hetjudýrkun á goðunum og sérstaklega bardagaafrekum þeirra.

Heimildaskrá

Almenn hegningarlög, með síðari breytingum nr. 19/1940.

Arngrímur Vídalín. (2017). „Trölfi sýnist mér það líkara:“ Um frumrásíska jaðarsetningu blámana. *Academia.edu*. Sótt af <http://hi.academia.edu/Arngr%C3%ADmurV%C3%ADdal%C3%ADn>

Arnildur Hálfánardóttir. (2016, 17. ágúst). Bandarískir fangar leita til Ásatrúarfélagsins. *Ríkisútvarpið*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/bandariskir-fangar-leita-til-asatruarfelagsins>

Árni Björnsson (bjó til prentunar). (1975). *Snorra Edda*. Reykjavík: Iðunn.

Árni Björnsson. (2000). *Wagner og völsungar*. Reykjavík: Mál og menning.

Arnold, M. (2011). *Thor: Myth to Marvel*. New York: Continuum.

Atli Ísleifsson. (2017, 17. janúar). Saksóknari um Breivik: „Hann lítur á sjálfan sig sem ungan Adolf Hitler“. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/saksoknari-um-breivik---hann-litur-a-sjalfan-sig-sem-ungan-adolf-hitler-/article/2017170118852>

Baumann, G. (1999). *The multicultural riddle: Rethinking national, ethnic, and religious identities*. New York: Routledge.

Bragi Halldórsson, Knútur S. Hafsteinsson og Ólafur Oddsson (ritstjórar). (2005). *Ormurinn langi. Leiftur úr íslenskum bókmenntum 900-1900*. Reykjavík: Bjartur.

Cavendish, R. (ritstjóri). (1980). *Mythology: An illustrated encyclopedia*. London: Orbis.

Child, B. (2010, 17. desember). White supremacists urge Thor boycott over casting of black actor as Norse god. *The Guardian*. Sótt af <https://www.theguardian.com/film/2010/dec/17/white-supremacists-boycott-thor>

Council of Europe. (2017, 28. febrúar). *Skýrsla ECRI um Ísland*. Sótt af <http://www.coe.int/t/dghl/monitoring/ecri/Country-by-country/Iceland/ISL-CbC-V-2017-003-ICE.pdf>

Emblem, T., Hetland, O., Libæk, I., Stenersen, Ø., Sveen, A. og Aastad, S. A. (1995). *Heimsbyggðin. Saga mannkyns frá öndverðu til nútíðar* (Sigurður Ragnarsson þýddi). Reykjavík: Mál og menning.

Friðrik Rúnar Garðarsson. (2015, 20. ágúst). Þrymskviða [teiknimynd]. *Ríkisútvarpið*. Sótt af <http://krakkaruv.is/thattur/thrymskvida>

Gísli Sigurðsson (ritstjóri). (1998). *Eddukvæði*. Reykjavík: Mál og menning.

Goodrick-Clarke, N. (1992). *The occult roots of nazism: Secret Aryan Cult and Their influence on Nazi Ideology. The Ariosophists of Austria and Germany, 1890-1935*. New York: New York University Press.

Guðmundur Hálfðanarson. (2007). *Íslenska þjóðríkið: uppruni og endimörk*. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag, ReykjavíkurAkademían.

- Guðmundur Thorsteinsson (myndskreytti). (2007). *Negrastrákarnir*. Reykjavík: Skrudda.
- Gunnar Reynir Valþórsson. (2007, 29.október). Negrastrákarnir seljast eins og heitar lummur. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/negrastrakarnir-seljast-eins-og-heitar-lummur/article/200771029054>
- Jón Hnefill Aðalsteinsson. (1988). Norræn trú. Í Frosti F. Jóhannsson (ritstjóri), *Íslensk þjóðmenning V: Trúarhættir* (bls. 1-73). Reykjavík: Bókaútgáfan Þjóðsaga.
- Jón J. Aðils. (1922). *Íslenskt þjóðerni: Alþýðufyrirlestrar*. Reykjavík: Bókaverzlun Sigfúsar Eymundssonar.
- Jón Karl Helgason. (2014). Æsilegasta ofurhetja allra tíma: Proskabraut Þórs í bandarískum myndasögum. *Timarít Máls og menningar*, 75(4), 78-88.
- Jónas Hallgrímsson. (1989a). *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar: IV. bindi. Ljóð og lausamál*. Haukur Hannesson, Páll Valsson, Sveinn Yngvi Egilsson (ritstjórar). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Jónas Hallgrímsson. (1989b). *Ritverk Jónasar Hallgrímssonar: I. bindi. Skýringar og skrár*. Haukur Hannesson, Páll Valsson og Sveinn Yngvi Egilsson (ritstjórar). Reykjavík: Svart á hvítu.
- Kubizek, A. (2006). *The young Hitler I knew* (Brooks, C. þýddi). London: Greenhill.
- Lefevere, A. (2013). *Þýðingar, endurritun og hagræðing bókmennntaarfsins* (María Vigdís Kristjánsdóttir þýddi). Reykjavík: Þýðingasetur, Háskóla Íslands.
- Leerssen, J. (2008). Þjóðernisstefna og ræktun menningar (María Bjarkadóttir þýddi). *Ritið*, 8(1), 189-214.
- Lindow, J. (2002). *Norse mythology: a guide to the Gods, heroes, rituals, and beliefs*. New York: Oxford University Press.
- Lög um stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, með síðari breytingum nr. 33/1944.
- MacCulloch, J. A. (1964). Eddic. Í Moorge, G. F. (ritstjóri). *The Mythology of all races: Volume II*. New York: Cooper Square Publishers.
- Matthías Viðar Sæmundsson. (2004, 3. janúar). Rúnamessa lesbókar - Týr. *Morgunblaðið*. Sótt af http://www.mbl.is/greinasafn/grein/773006/?item_num=201&dags=2004-01-03
- Norðurvígi.is. (e.d.). Norræna mótstöðuhreyfingin. Sótt af <https://www.nordurvigi.is/>
- O'Donoghue, H. (2007). *From Asgard to Valhalla: The Remarkable History of the Norse Myths*. London: I.B.Tauris & Co. Ltd.
- Owen, N. og Griffiths, B. (2012, 26. ágúst). Sick supporters: Twisted killers Anders Breivik receives thousands of letters a month from fans. *Mirror*. Sótt af <http://www.mirror.co.uk/news/world-news/anders-breivik-killer-gets-thousands-1280055>
- Ólafur Briem. (1990). *Eddukvæði: Stytt útgafa*. Reykjavík: Iðunn.

- Páll Valsson. (1996). Íslensk endurreisn. Í Halldór Guðmundsson (ritstjóri). *Íslensk bókmenntasaga III* (bls.221-339). Reykjavík: Mál og menning.
- Rognsvág, S. (19. nóvember 2015). Breivik mener Jesus er „patetisk“. *Dagen*. Sótt af <http://www.dagen.no/Nyheter/hedning/Breivik-mener-Jesus-er-%C2%ABpatetisk%C2%BB-272638>
- Ross, M. C. (2002). ”Reading Þrymskviða”. Í Acker, Paul og Larrington, Carolyne (ritstjórar), *The Poetic Edda: Essays on Old Norse Mythology* (bls. 177-194). London: Routledge.
- Seigfried, K. E. H. (23. júní 2011). Interview with Hilmar Örn Hilmarsson of the Ásatrúarfélagið, Part One. *The Norse Mythology Blog. Articles and Interviews on Myth and Religion*. Sótt af <http://www.norsemyth.org/2011/06/interview-with-hilmar-orn-hilmarsson-of.html>
- Sigríður Matthíasdóttir. (1995). Réttlætning þjóðernis: Samanburður á alþýðufyrirlesturum Jóns Aðils og hugmyndum Johanns Gottlieb Fichte. *Skírnir*, 169(1), 36-64. Reykjavík: Hið íslenska bókmenntafélag.
- Sigríður Matthíasdóttir. (2004). *Hinn sanni Íslendingur: Þjóðerni, kyngervi og vald á Íslandi 1900-1930*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sigurður Örn Brynjólfsson. (1980). Þrymskviða [myndband á VHS]. Reykjavík: Námsgagnastofnun.
- Simek, R. (1993). *Hugtök og heiti í norrænni goðafræði*. (Ingum Ásdísardóttir þýddi). Reykjavík: Háskólaforlag Máls og menningar.
- Sveinn H. Guðmarsson. (2016, 21. mars). Uppgangur Hermanna Óðins vekur ugg. *Ríkisútvarpið*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/uppgangur-hermanna-odins-vekur-ugg>
- Sveinn Yngvi Egilsson. (1996). „Óðinn sé með yður!“ Fjölnismenn og fornöldin. Í Sverrir Tómasson (ritstjóri), *Guðamjöður og arnarleir: Safn ritgerða um eddulist* (bls. 261- 294). Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sverrir Jakobsson. (2005). *Við og veröldin. Heimsmynd Íslendinga 1100-1400*. Reykjavík: Háskólaútgáfan.
- Sölvi Sveinsson. (2011). *Guðirnir okkar gömlu ásamt Snorra-Eddu*. Reykjavík: Bjartur.
- Úlfhildur Dagsdóttir. (2014). Ása-Þór og förin til Hollywood. Í Guðmundur Andri Thorsson (ritstjóri), *Tímarít Máls og menningar*, 75(1), 57-70. Reykjavík: Forlagið.
- Valur Grettisson. (2016, 25. febrúar). Hermenn Óðins komnir til Íslands: „Við erum of fá til að opinbera okkur strax.“ *DV*. Sótt af <http://www.dv.is/frettir/2016/2/25/hermenn-odins-komnir-til-islands-vid-erum-fa-til-ad-opinbera-okkur-strax/>
- Vésteinn Ólason. (1992). Eddukvæði. Í Vésteinn Ólason (ritstjóri). *Íslensk bókmenntasaga I* (73-187). Reykjavík: Mál og menning.
- Wagner, R. (1850). *Judaism in music*. (Ellis, W. A. þýddi). Sótt af http://www.jrbooksonline.com/PDF_Books/JudaismInMusic.pdf

Þórgnýr Einar Albertsson. (2017, 18. mars). Íslandsarmur nýnasistahreyfingar ætlar í aðgerðir. *Vísir*. Sótt af <http://www.visir.is/islandsarmur-nynasistahreyfingar-aetlar-i-adgerdir/article/2017170318834>

Þórður Ingi Guðjónsson (ritstjóri). (2014). *Eddukvæði I. Goðakvæði*. Reykjavík: Hið íslenska fornritafélag.

Þorvaldur Friðriksson. (2016, 01. febrúar). „Hermenn Óðins“ mótmæltu flóttafólki. *Ríkisútvarpið*. Sótt af <http://www.ruv.is/frett/hermenn-odins-motmaeltu-flottafolki>